

Skuldir :

Höfuðstóll 1. janúar 1976	kr.	686 418 322.00
Tekjuafgangur 1976	—	369 300 177.00
		Kr. 1 055 718 499.00

Pétur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyris-
sjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan rekstrarreikning ársins 1976 og
efnahagsreikning 31. desember 1976, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind
skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 18. febrúar 1977.

Vígfús Gunnarsson. Örn Marinósson.

4. mars 1977.

Nr. 155.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o. fl.

1. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi samkvæmt 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 50 000.00 á ári.
Gjalddagi þess er 15. febrúar ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfishafi
greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt sam-
kvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, stað-
festist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum
þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. mars 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

14. mars 1977.

Nr. 156.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hríseyjarhrepps, nr. 322 8. nóvember 1973,
með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 750.00 á hemil á mánuði.
Vatnsgjald er kr. 1 200.00 fyrir hvern lítra á mínútu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl
1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem
hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 14. mars 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.